

## 5. stjórnarfundur Sambands orkusveitarfélaga 7. september 2012 - Hrauneyjum

Mættir voru Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Sigríður Lára Ásbergisdóttir, Jens Pétur Jensen, Valur Rafn Halldórsson frá Sambandinu og Tryggvi Harðarsson sem undirbýr ráðstefnu SO.

Fyrir fund var skoðunarferð um Þjórsárstofu, móttaka hjá Gunnari Erni Marteinsyni, oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps og að lokum skoðunarferð um Búrfellsstöð og Búðarhálsvirkjun.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Undirbúningur fyrir ráðstefnu SO.
3. Aðalfundur – undirbúningur að dagskrá.
4. Fjármál SO.
5. Önnur mál.

#### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

#### 2. Undirbúningur fyrir ráðstefnu SO.

Ráðstefnan verður haldin 4. eða 5. október.

Tryggva, formanni og varaformanni falið að setja upp dagskrá og senda á stjórnarmenn til samþykktar í seinasta lagi 20. september. Tryggja þarf að dagskráin sé tilbúin fyrir fjármálaráðstefnuna svo hægt sé að auglýsa hana þar. Óskað verður eftir því að dagskráin verði hluti að ráðstefnugögnum.

Vali er falið að ræða við sambandið um að halda utan um skráningu á ráðstefnuna og sjá til þess að ráðstefnan sé tekin upp. Stefán Bogi mun flytja erindi á ráðstefnunni fyrir hönd SO.

Ráðstefnugjald er áætlað 5.000 kr. en hvert aðildarsveitarfélag getur sent tvo aðila án greiðslu ráðstefnugjalds.

#### 3. Aðalfundur – undirbúningur að dagskrá – samþykktir

Áætlað er að aðalfundur sé haldinn í tengslum við fjármálaráðstefnuna.

Formanni og varaformanni falið að athuga hvort það sé hægt. Annars verður aðalfundurinn haldinn í tengslum við ráðstefnuna.

Lagt verður til að breyta nafni SO í samtök í stað sambands.

Ákveðið að klára undirbúning fyrir aðalfund á næsta stjórnarfundum sem haldinn verður miðvikudaginn 12. september kl. 14.00. Fundurinn verður símafundur.

#### 4. Fjármál SO.

Staðan er í samræmi við áætlun.

#### 5. Önnur mál

Rætt var um skjal frá Auðlindastefnunefnd og lögð fram drög að umsögn – samþykkt að senda umsögn til auðlindastefnunefndar og verða drögin rædd nánar á næsta stjórnarfundum.

Lagður var fram verksamningur við Tryggva Harðarsson v/ráðstefnu næsta haust.

Gekon jarðvarmaklasi hefur lýst yfir áhuga á að hitta stjórn SO. Lagt er til að þeir mæti á stjórnarfund fljótlega.

**Fundi slitið um 18:15**